

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2016, miðvikudaginn 7. desember kl. 9.15, var haldinn 173. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Gísli Garðarsson, Stefán Benediktsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir og Sigurborg Ó Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Nikulás Úlfar Másson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Már Jakobsson og Marta Grettisdóttir Fundarritari er Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

(E) Umhverfis- og samgöngumál

1. **Klettagarðar 9, Hringrás**, vegna bruna á athafnasvæði Hringrásar Mál nr. US160286

Kynnt viðbrögð umhverfis- og skipulagssviðs vegna nýlegs bruna á athafnasvæði Hringrásar að Klettagörðum 9.
Kynnt.

- Kl. 9.25 tekur Marta Guðjónsdóttir sæti á fundinum.

Rósa Magnúsdóttir deildarstjóri og Guðjón Eggertsson heilbrigðisfulltrúi taka sæti á fundinum undir þessum lið.

2. **Sorpa bs.**, fundargerð Mál nr. US130002
Lögð fram fundargerð Sorpu bs. nr. 368 frá 28. nóvember 2016.

3. **Negldir og ónegldir hjólbarðar í Reykjavík**, kynning Mál nr. US160282
Kynnt meðaldreifing á notkun negldra og ónegldra hjólbarða í Reykjavík
Kynnt.

Björg Helgadóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. **Geirsgata-Lækjargata**, kynning Mál nr. US160281
Kynning á hönnun og frágangi Geirsgötu-Lækjargötu.
Kynnt.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir og Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka: „Umferðarsérfræðingar hafa bent á að heppilegra væri að leggja Sæbraut og Geirsgötu í stökk því fyrirsjáanlegt er að umferðarþungi og álag þar mun aukast verulegra vegna mikillar uppbyggingar í miðbænum og vestur í bæ og að fyrirbyggjandi umferðarlausnir, T- gatnamót, munu ekki anna þeirri umferð. Auk þess sem slík gatnamót og fyrirhugað umferðarskipulag munu koma í veg fyrir að svæðið frá Lækjartorgi að Hörpu geti myndað órofa heild. Með stökkalausn skapast hins vegar tækifæri til að hanna aðlaðandi heildstætt útírými fyrir gangandi vegfarendur í tengslum við höfnina, Arnarhól og Lækjartorg. Í ljósi þessa ætti að taka til alvarlegrar athugunar að falla frá T gatnamótunum og huga að því að koma umræddum götum í stökk á meðan jarðvegsvinna er enn í gangi og tækifæri gefst, áður en það verður of seint.“

Fulltrúar Samfylkingarinnar Hjálmar Sveinsson og Stefán Benediktsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka: „Ekki er ljóst til hvaða umferðarsérfræðinga fulltrúar Sjálfstæðisflokksins

er að vísa. Ekki er verið að hefta umferðarflæði þó að forgangsraðað sé í þágu sjálfbærra samgönguhátta enda eru þeir í fyrirrúmi í þessum hluta borgarinnar og áhersla lögð á öryggi gangandi vegfarenda. Kostnaður við tillöguna sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til hér í bókun hleypur á milljörðum og er það meðal annars ástæða þess að fallið var frá þessari hugmynd áður, meðal annars með stuðningi Sjálfstæðisflokksins.“

Ámundi V. Brynjólfsson skrifstofurstjóri og Auður Ólafsdóttir ráðgjafaverkfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. **Grandavegur**, lokun fyrir gegnumferð, Mál nr. US160252
undirskriftalisti íbúa (USK2016110016)

Lagður fram tölvupóstur Daggar Hjaltalín, dags. 12. október 2016 ásamt undirskrifarlista íbúa við Grandaveg og nágrenni þar sem óskað er eftir lokun Grandavegar fyrir gegnumumferð og að tekin verði upp tvístefna beggja megin við lokun. Einnig er lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngudeildar, dags. 2. desember 2016.
Frestað.

6. **Smiðjustígur**, Vistgata Mál nr. US160285

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 2. desember 2016 að Smiðjustígur á milli Laugavegar og Hverfisgötu verði vistgata. Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

7. **Suðurlandsbraut**, merkingar á göngu- og hjólastígum Mál nr. US160287
551206-0250 Grund - Mörkin ehf., Hringbraut 50, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Gísla Páls Pálssonar framkvæmdastjóra hjá Grundar-Mörkinni ehf., dags. 1. desember 2016, varðandi merkingar á göngu- og hjólastígum við Suðurlandsbraut.

Vísað til meðferðar hjá umhverfis- og skipulagssviði, samgöngur.

Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir vísar af fundi kl. 12:00.

(A) Skipulagsmál

8. **Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**, fundargerð Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 2. desember 2016.

9. **Efstaleiti - RÚV reitur**, breyting á (01.7) Mál nr. SN160855
deiliskipulagi
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík
600307-0450 Ríkisútvarpið ohf., Efstaleiti 1, 150 Reykjavík

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar, mótt. 11. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi RÚV reits. Í breytingunni felst að færa til lóðarmörk lóðarinnar nr. 1 við Efstaleiti og lóðar C þannig að Jaðarleiti verði borgargata og að skilmálar um útskot húsa verði samræmdir milli lóða á reitnum, samkvæmt uppd. Arkþings ehf. dags. 4. nóvember 2016.
Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

10. **Aðalskipulagsbreyting, stefna um íbúðarbyggð**, heimildir um fjölda íbúða, lýsing Mál nr. SN160793

Lögð fram drög umhverfis- og skipulagssviðs, dags. nóvember 2016 að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, varðandi stefnu um íbúðarbyggð og heimildir um fjölda íbúða sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Einnig lagðar fram ábendingar frá Friðjón Sigurðarson, f.h. Reita, dags. 23. nóvember 2016, Skipulagsstofnun dags. 16. nóvember 2016 og bókun svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins, dags. 29. nóvember 2016. Samþykkt að kynna sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Drögin verða gerð aðgengileg á vef borgarinnar og send skilgreindum hagsmunaaðilum.

Haraldur Sigurðsson deildarstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

11. **Klapparstígur 19, Veghúsastígur 1**, (01.152.4) Mál nr. SN160335
breyting á deiliskipulagi
600269-0979 Ottó ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Arkís arkitekta ehf. f.h. Ottó ehf., mótt. 27. apríl 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Skuggahverfis vegna lóðarinnar nr. 19 við Klapparstíg og nr. 1 við Veghúsastíg. Í breytingunni felst að skilgreindir eru tveir nýjir byggingarreitir á lóð ásamt byggingarreitur fyrir smáhýsi. Innan byggingarreits fyrir smáhýsi er heimilt að reisa palla og smáhýsi allt að 2.2 metrum að hæð. Einnig er gert er ráð fyrir 6 íbúðum á lóð, en ekki er gert ráð fyrir bílastæðum á lóð. Jafnframt verða byggingar á lóð nr. 1 við Veghúsastíg fjarlægðar, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupphdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 23. maí 2016. Einnig er lögð fram prófunarskýrsla Mannvits vegna cöbraborunar, dags. 9. júní 2016. Tillagan var auglýst frá 6. júlí til og með 17. ágúst 2016. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Anna Fjeldsted, dags. 14. ágúst 2016, Sigrún Birna Birnisdóttir, dags. 17. ágúst 2016, Heiða Jóhannsdóttir, dags. 17. ágúst 2016, Hanna Gunnarsdóttir, dags. 17. ágúst 2016, Steinunn M. Guðmundsdóttir, dags. 17. ágúst 2016 og Þóra Andrésdóttir, dags. 17. ágúst 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2016.

Synjað með fimm atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar Hjálmars Sveinssonar og Stefán Benediktssonar, fulltrúa Bjartrar framtíðar Magneu Guðmundsdóttur, fulltrúa Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísla Garðarssonar og fulltrúa Sjálfstæðisflokksins Herdísar Önnu Þorvaldsdóttur með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 5. desember 2016.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir greiðir atkvæði með tillögumni og bókar. „Í ljósi þess að húsið við Veghúsastíg 1 var metið ónýtt árið 2011, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur mat húsið óíbúðarhæft í byrjun árs 2012 og Minjastofnun affriðaði húsið á árinu 2014 vegna bágs ástands þess og gerði ekki athugasemdir við niðurrif þess væri eðlilegt og rétt að fallast á tillögumna að deiliskipulagsbreytingu sem heimilar niðurrif hússins.,, Vísad til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

12. **Laugavegur 55**, breyting á deiliskipulagi (01.173.0) Mál nr. SN160871
681215-1230 L55 ehf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
250864-4859 Gunnar Bergmann Stefánsson, Logafold 66, 112 Reykjavík

Lögð fram tillaga Gunnars Bergmanns Stefánssonar arkitekts, dags. 11. nóvember 2016, að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 55 við Laugaveg. Í breytingunni felst að núverandi byggingu er lyft upp um eina hæð, nýjum kvistum verði bætt við á þak núverandi byggingar, verslunarrými skal vera á jarðhæð undir núverandi byggingu, aðrir byggingarhlutar hýsi hótél og aðra starfsemi tengda hótélrekstri og hótéliðnaði, nýbygging verði byggð á aftari hluta lóðarinnar og verði að mestu leyti fimm hæðir og lækkar í fjórar hæðir við lóðarmörk sem snúa að Hverfisgötu o.fl. Einnig er lagt fram skuggavarp, dags. 3. nóvember 2016. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. desember 2016.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa, dags. 5. desember 2016.
Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

13. **Fossvogsvegur (Vigdísarlundur)**, (01.849) Mál nr. SN150641
deiliskipulag

Lögð fram tillaga KRADS ehf., dags. 1. desember 2016, að deiliskipulagi svæðis í vestanverðum Fossvogi sem afmarkast af Fossvogsvegi, Árlandi og göngustígum. Megintilgangur með gerð deiliskipulagsins er að fylgja eftir áformum aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um mótun byggðar í vestanverðum Fossvogi og stuðla að hæfilegri uppbyggingu á svæðinu. Horft er á svæðið í heild og uppbygging hugsuð í samhengi við nágrennið, þannig að hún styrki heildaryfirbragð svæðisins.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

14. **Úlfarsárdalur**, lýsing (02.6) Mál nr. SN160431

Að lokinni kynningu er lögð fram fram að nýju lýsing umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 27. maí 2016, vegna uppbyggingar og stækkunar Úlfarsárdalshverfis sem kallar á heildarendurskoðun á deiliskipulagi hverfisins. Í lýsingunni felst m.a. fjölgun íbúða, gert er ráð fyrir að núverandi hverfi stækki til austurs og til norðurs í átt að Leirtjörn. Stefnt er að því að heildaríbúðafjöldi í Úlfarsárdal verði um 1.400 íbúðir. Megin markmið skipulagstillögunnar er að hún taka mið af stefnumörkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, ný byggð falli vel að núverandi byggð og tryggt verði útsýni frá nýjum íbúðum. Leggja skal áherslu á skjólmyndun fyrir ríkjandi vindáttum með nýrri byggð. Einnig er lögð fram umsögn Skipulagsstofnunar, dags. 26. ágúst 2016. Kynning stóð til og með 23. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir/ábendingar vegna lýsingar: Kristinn Traustason f.h. íbúasamtaka Úlfarsárdals, ódags., Kristján Smáráson, dags. 9. nóvember 2016, Guðbrandur Benediktsson, dags. 9. nóvember 2016, Björg-Kofoed Hansen og Þórður Jónsson, dags. 17. nóvember 2016, Steinunn Haraldsdóttir, dags. 21. nóvember 2016, Gunnar Ólafsson, dags. 21. nóvember 2016, Haukur Guðjónsson og Kristinn Þór Geirsson f.h. BÍlheima ehf., dags. 22. nóvember 2016, Arney Einarsdóttir, dags. 22. nóvember 2016, Kristín Björg Konráðsdóttir og Sigfús Ólafsson, dags. 22. nóvember 2016, Jónína Sif Eypórsdóttir, Hanna Björk

Kristinsdóttir og Helgi Vattnes eigendur gistiskálans að Akurholti og hestaleigunnar Reiðhús, dags. 23. nóvember 2016, Guðmundur Pétursson og Freyja Eiríksdóttir íbúar við Urðarbrunn 82 ásamt gögnum, dags. 23. nóvember 2016 og Freyr Gústavsson ásamt skipulagshugmynd, dags. 24. nóvember 2016. Einnig er kynnt samantekt skipulagsfulltrúa, dags. 5. desember 2016. Athugasemdir, ábendingar og samantekt skipulagsfulltrúa kynntar.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

15. **Veltusund 3B**, breyting á deiliskipulagi (01.140.2) Mál nr. SN160829
460505-0540 Balance ehf, Viðarási 26, 110 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís arkitekta ehf., dags. 3. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 3B við Veltusund. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur í porti á 1., 2. og 3. hæð auk kjallara, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf., dags. 29. september 2016. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

16. **Langholtsvegur 113**, breyting á (01.414.0) Mál nr. SN160741
deiliskipulagi
540116-0320 Langholtsvegur 113 ehf., Hlíðasmára 12, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Marvins Ívarssonar, mótt. 29. september 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi Langholtsvegar/Drekavogar vegna lóðarinnar nr. 113 við Langholtsveg. Í breytingunni felst að stækka húsið og heimila rekstur gististaðar og veitingastaðar í flokki II í húsinu, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf., dags. 28. september 2016. Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vísað til borgarráðs.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(B) Byggingarmál

17. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa**, Mál nr. BN045423
Fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 903 frá 6. desember 2016.

(C) Fyrirspurnir

18. **Thorvaldsensstræti 6**, (fsp) niðurrif og Mál nr. SN160730
endurbygging
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Lindarvatns ehf., mótt. 26. september 2016, um að rífa niður húsið á lóð nr. 6 við Thorvaldsensstræti og endurbyggja. Einnig er lagt fram bréf Davíðs Þorlákssonar framkvæmdastjóra f.h. Lindarvatns ehf., dags. 23. september 2016, minnisblað verkfræðistofunnar Ferill, dags. 21. september 2016 og minnisblað verkfræðistofunnar Eflu, dags. 23. september 2016. Jafnframt er lögð fram "Jarðskjálftagreining T6" frá Ferli verkfræðistofu, dags.

nóvember 2016 og minnisblað verkfræðiráðgjafar Conís, dags. 30. nóvember 2016.
Frestað.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir bókar. „Í ljósi nýrra upplýsinga að byggingin stenst ekki núgildandi staðla varðandi burðarvirki eða öryggi mannvirkja með tilliti til jarðskjálfta og í ljósi þess að húsið er ekki friðað ætti að taka til skoðunar að heimila niðurrif þess.“

Fulltrúi Samfylkingarinnar Stefán Benediktsson, fulltrúi Bjartrar framtíðar Magnea Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka: „Ekki hefur verið tekin ákvörðun í málinu enda var afgreiðslu málsins frestað.“

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri og fulltrúi Conís Júlíus Bernburg byggingarverkfræðingur taka sæti á fundinum undir þessum lið.

19. **Úlfarsfell**, (fsp) fjarskiptamastur (02.6) Mál nr. SN130202
470905-1740 Fjarskipti hf., Ármúla 13A, 108 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Fjarskipta hf. dags. 17. apríl 2013 varðandi uppsetningu á 40 m. háu fjarskiptamastri á Úlfarsfelli. Fyrirspurninni var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju. Einnig er lagt fram bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 19. júní 2013 og tölvupóstur Gauta Þorsteinssonar f.h Fjarskipta hf. og Ríkisútvarpsins dags. 14. ágúst 2015 og 7. nóvember 2014. Jafnframt er lögð fram greinargerð Mannvits, dags. í mars 2016, greinargerð Fjarskipta hf., ódags., bréf Póst- og fjarskiptastofnunar, dags. 2. desember 2016 og Fjarskipta hf. og Ríkisútvarpsins ohf., dags. 5. desember 2016.
Frestað.

Fulltrúar Vodafone Kjartan Briem, framkvæmdastjóri tæknisviðs, og Sigurbjörn Eiríksson, forstöðumaður netkerfa, Þorsteinn Gunnlaugsson, deildarstjóri sjónvarpskjarna, fulltrúi RÚV Gísli Arnar Gunnarsson og Björn Ingi Edvardsson verkefnisstjóri taka sæti á fundinum undir þessum lið.

(D) Ýmis mál

20. **Umhverfis- og skipulagssvið**, níu Mál nr. US160284
mánaða uppgjör

Lagt fram níu mánaða uppgjör umhverfis- og skipulagssviðs janúar til september 2016.

21. **Betri Reykjavík**, hjólabrettavöllur við Mál nr. US160283
Ánanaust
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „hjólabrettavöllur við Ánanaust“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 1. desember 2016. Erindið var efsta hugmynd októbermánaðar 2016 í málaflokknum framkvæmdir.
Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, og íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur.

22. **Betri Reykjavík**, litlar íbúðir Mál nr. US150162
(USK2015060085)
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram erindið „litlar íbúðir“ sem tekið var af samráðsvefnum Betri Reykjavík þann 30. júní 2015. Erindið var efsta hugmynd júnímánaðar í málaflokknum skipulag. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. desember 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 2. desember 2016 samþykkt. .

23. **Norðlingabraut 6**, málskot (04.732.6) Mál nr. SN160856
500191-1049 Arkþing ehf., Bolholti 8, 105 Reykjavík

Lagt fram málskot Helga M. Hallgrímssonar, dags. 11. nóvember 2016, vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 21. október 2016 varðandi breytingu á notkun lóðarinnar nr. 6 við Norðlingabraut úr atvinnustarfsemi í íbúðir, samkvæmt frumtillögu Arkþings ehf., ódags.
Frestað.

24. **Fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina,** Mál nr. US160201

Lögð fram eftirfarandi fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina: "Óskað er eftir upplýsingum um fjölda byggingarleyfa sem veitt hafa verið eftir samþykki Aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 þar sem fylgt hefur verið eftir markmiðum aðalskipulagsins um að allt að 25% íbúða séu miðaðar við þarfir þeirra sem ekki vilja leggja eða ekki geta lagt mikið fé í eigið húsnæði. Er óskað eftir upplýsingum á hvaða lóðum slík byggingarleyfi hafa verið veitt og fyrir hve margar íbúðir á hverri lóð fyrir sig." Einnig er lagt fram svar umhverfis- og skipulagssviðs dags. 5. desember 2016.
Frestað.

25. **Efstaleiti - RÚV-reitur**, kæra 135/2016, (01.745.4) Mál nr. SN160784
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 19. október 2016 ásamt kæru, dags. 17. s.m. þar sem kært er deiliskipulag Efstaleitis. Í kærinni er gerð krafa um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra, dags. 29. nóvember 2016.

26. **Lautarvegur 38, 40, 42 og 44**, breyting á (01.794.6) Mál nr. SN160596
deiliskipulagi
430613-0810 Fimir ehf., Skrúðási 14, 210 Garðabær

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um breytingu á deiliskipulagi Lautarvegar 38, 40, 42 og 44.

27. **Aðalskipulag Reykjavíkur, Örfirisey**, (01.1) Mál nr. SN160879
breyting á aðalskipulagi vegna
hafnarsvæðis H1b

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna heimilda um veitingastaði á hafnarsvæði H1b í Örfirisey.

28. **Vogabyggð**, tillaga að breytingu á (Mál nr. SN140317
aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna Vogabyggðar.

29. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030, Hraunbær-Bæjarháls**, breyting á aðalskipulagi, breytt landnotkun og fjölgun íbúða Mál nr. SN160849

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem breytt er landnotkun og íbúðum fjölgað íbúða við Hraunbæ-Bæjarháls.

30. **Hraunbær-Bæjarháls**, deiliskipulag Mál nr. SN160847

Lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 25. nóvember 2016, um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um nýtt deiliskipulag fyrir Hraunbæ-Bæjarháls við Tunguháls.

31. **Vogabyggð svæði 2**, tillaga að (01.45) Mál nr. SN140217
deiliskipulagi, norðursvæði milli
Tranavogar og Kleppsmýrarvegur
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 um deiliskipulag fyrir Vogabyggð, svæði 2, fyrir svæðið sem afmarkast milli Tranavogar og að Kleppsmýrarveg.

32. **Skipholt 27**, breyting á deiliskipulagi (01.250.1) Mál nr. SN160776
571298-2529 Þak, byggingafélag ehf., Kringlunni 4-6, 108 Reykjavík
460902-2150 K.J. hönnun ehf, Kringlunni 7, 123 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 varðandi auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Skipholtstreits vegna lóðarinnar nr. 27 við Skipholt.

33. **Bykoreitur, reitur 1.138**, breyting á (01.138) Mál nr. SN160451
deiliskipulagi
070859-2119 Páll Hjalti Hjaltason, Gnitanes 10, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. nóvember 2016 um samþykki borgarráðs dags. 24. nóvember 2016 varðandi auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi Bykoreits, reitur 1.138.

Fundi slitið kl. 15.30.

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir
Gísli Garðarsson
Marta Guðjónsdóttir

Stefán Benediktsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Afgreiðsla byggingarfulltrúa samkv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2016, þriðjudaginn 6. desember kl. 10.08 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 903. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Harri Ormarsson, Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Músson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Eva Geirsdóttir, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack Fundarritari var Fundarritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- 1. Arnarholt 221217** (32.161.101) 221217 Mál nr. BN050431
540169-3229 Fylkir ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta gistiheimili í flokki II, teg. B fyrir 75 gesti í mhl. 10 í Arnarholti á Kjalarnesi.
Gjald kr. 9.823
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- 2. Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN051968
450314-0210 REYKJAVÍK DEVELOPMENT ehf., Lág múla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048688, m.a. eru þakhæðir G1 og G2 stækkaðar til vesturs og gluggasetningu þakhæða og inngöngum á 1. hæð breytt, inngöngum í T1, T2 og T3 er breytt og breytingar verða á innréttingu bílakjallara vegna steinhleðslu í íbúðar- og atvinnuhúsum á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Stækkun: 116,5 ferm., 402,4 rúmm.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
- 3. Austurv Thorvaldsens** (01.140.418) 100859 Mál nr. BN052044
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að grafa rannsóknarholur vegna fornleifarannsókna í Nasa, Thorvaldsensstræti 2 á lóðinni Austurv Thorvaldsens.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Hafa skal samband við yfirverkfræðing embættisins áður en verkið hefst.

4. **Baldursgata 25B** (01.184.505) 102110 Mál nr.
BN050484
051075-5529 Sigvaldi Jónsson, Baldursgata 25b, 101 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðri íbúð 0102 í húsi á lóð nr. 25B við Baldursgötu.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa dags. 17. maí 2015, samþykki eiganda 0101 um aðgengi að orkumælum dags. 6. október 2016 og samþykki eiganda húss nr. 25 um aðgengi yfir þá lóð dags. 1. nóvember 1922.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
5. **Bankastræti 2** (01.170.101) 101328 Mál nr.
BN052045
571212-0210 FÍ Fasteignafélag slhf., Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta áður samþykktu erindi BN051011 sem felst í því breyta fyrirkomulagi við afgreiðslueldhúsi og salerni á 2. hæð veitingastaðar ásamt breytingum við undirbúningseldhús á 1. hæð í húsi á lóð nr. 2 við Bankastræti.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
6. **Bauganes 39** (01.673.111) 106838 Mál nr.
BN051976
280759-2959 Marta Guðjónsdóttir, Bauganes 39, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja við anddyri beggja íbúða á neðri hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 39 við Bauganes.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. desember 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 2. desember 2016.
Stækkun A-rými 11,4 ferm., 30,8 rúmm.
Samþykki meðeigenda dags. 17.11.2016 fylgir erindi.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fokheldi.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Básendi 12** (01.824.015) 108387 Mál nr.
BN051984
071062-3689 Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
Sótt er samþykki á þegar gerðum breytingum, sem felast í að þaki var breytt í upphafi sem og gluggum, á sjöunda áratugnum var innréttuð íbúð í kjallara og múrkerfi og einangrun seinna bætt á fjölbýlishúsið á lóð nr. 12 við Básenda.
Meðfylgjandi er bréf arkitekts dags. 15.11.2016.
Gjald kr. 10.100

Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

8. **Bergþórugata 23** (01.190.326) 102458 Mál nr.
BN052001
641005-0960 Þrengsli ehf., Suðurlandsbraut 48, 108 Reykjavík
Sótt er um breytingu á áður samþykktu erindi BN049455 sem felst í að breyta skilgreiningu mannvirkis úr notkunarflokki 3 í notkunarflokk 4 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 23 við Bergþórugötu.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa við erindi BN051780 dags. 11.11.2016
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
9. **Borgartún 24** (01.221.101) 102800 Mál nr.
BN052030
650908-0310 EE Development ehf., Borgartúni 24, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innveggjum, innréttingum og að loka stigagati á milli fyrstu hæðar 0101 og kjallara 0002í húsinu á lóð nr. 24 við Borgartún .
Stækkun vegna lokunar á stigagati: XX ferm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Brautarholt 5 173345** (00.019.300) 173345 Mál nr.
BN051317
510414-1440 Gjáholt ehf., Brautarholti 4, 116 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta svínabúi í kjúklinga- og eggjabú í húsi á lóð nr. 5 við Brautarholt Kjalarnesi.
Stækkun 35,7 ferm., 135,7 rúmm.
Samþykki eiganda dags. 20.07.2016 fylgir erindi ásamt útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. desember 2016.
Gjald kr. 10.100.
Frestað.
Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlits á umsóknarblaði.
11. **Faxafen 12** (01.466.102) 195610 Mál nr.
BN052002
660814-0860 Mobility Flex ehf., Síðumúla 14, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta líkamsræktarstöð á 2. hæð, byggja millipall og setja hurð milli brunahólfa/eignarhluta fyrir flóttaleið ásamt því að setja skilti á austurhlið í húsi á lóð nr. 12 við Faxafen.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
12. **Fiskislóð 1** (01.089.501) 203587 Mál nr.
BN051969
411009-2110 DGV ehf., Höfðatúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka millipall, koma fyrir lyftu og rúllustiga sem tengir 1. hæð við millipall, færa aðalinngang, bæta við hurð úr nýju verslunarrými, gluggum á 2. hæð austurhlið, breyta skyggni í svalir og koma fyrir flóttastiga frá þeim og flóttastiga frá norðvesturhlið húss á lóð nr. 1 við Fiskislóð .
Greinargerð hönnuðar dags. 15. nóvember 2016 fylgir með erindi.
Stækkun millipalls: XX ferm.
Gjald kr. 10.100
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

13. **Flétturimi 1-7** (02.584.301) 109526 Mál nr.
BN052000
660307-0520 Flétturimi 1-7, húsfélag, Flétturima 1, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að styrkja burðarvirki loftaplötu bílakjallara undir íbúðum 106 og 103, sambærilegt við það sem gert var á plötu undir íbúð 104 árið 2003 í fjölbýlishúsi á lóð nr. 1-7 við Flétturima.
Meðfylgjandi er samþykki eigenda og stjórnar húsfélags á teikningu ódagsett og verklýsing dags. 15.6. 2016.
Gjald kr. 10.100,-
Frestað.
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
14. **Flugvöllur 106748** (01.66.-.99) 106748 Mál nr.
BN051885
660670-0259 Flugfélagið Ernir ehf., Víðigrund 7, 200 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að koma fyrir tíu sambyggðum skrifstofugámum, sem mynda mhl. 10 framan við Flugskýli 1 á lóðinni Flugvöllur 106748.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 2. desember 2016 fylgir erindinu ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2016.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2016.
Gjald kr. 10.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Þinglýsa skal yfirlýsingu fyrir útgáfu byggingarleyfis um að gámarnir séu háðir ákvæðum AR 2010-2030 um flugvallarstarfsemi í Vatnsmýri og öðrum takmörkunum sem gilda um byggingar á flugvallarsvæðinu sem taldar eru upp í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. desember 2016.
15. **Fríkirkjuvegur 11** (01.183.413) 101973 Mál nr.
BN051475
631007-1630 Novator F11 ehf, Óðinsgötu 7, 101 Reykjavík
